

Starfsreglur fagráðs Landspítala

Við Landspítala starfar fagráð skipað af forstjóra til þriggja ára í senn. Ber forstjóra samkvæmt 13. gr. laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu, að leita álits fagráðs um mikilvægar ákvarðanir sem varða heilbrigðisþjónustu og skipulag Landspítala. Varðandi nánari umfjöllun um skipan og verklag fagráðs er vísað til 12. gr. reglugerðar nr. 1111/2020 um heilbrigðisumdæmi og hlutverk, starfsemi og þjónustu heilsugæslustöðva, heilbrigðisstofnana og sjúkrahúsa.

Skipan

Fagráð Landspítala er skipað 7 fulltrúum starfandi fagstétta innan stofnunarinnar. Sætum í fagráði er skipt á milli heilbrigðisstétta og faghópa á eftirfarandi hátt:

- Hjúkrunarfræðingar¹, læknar og sjúkraliðar tilnefna hver um sig einn fulltrúa.
- Rannsóknarstéttir², þjálfunarstéttir³ og viðtalsstéttir⁴ tilnefna hver um sig einn fulltrúa
- Forstjóri skipar einn fulltrúa án tilnefningar.

Skipað er í ráðið til 3 ára í senn og geta fulltrúar í fagráði setið að hámarki tvö starfstímabil.

Ekki eru skipaðir varamenn og skal nýr fulltrúi skipaður með sama hætti ef fulltrúi í fagráði hættir störfum við stofnunina eða forfallast með öðrum hætti. Tilnefning fulltrúa fer fram innan hvers faghóps eða heilbrigðisstéttar eftir því sem við á.

Starfsár fagráðs er frá 1. maí til 30. apríl ár hvert. Á fyrsta fundi hvers starfsárs skal fagráð kjósa sér formann og annan til vara.

Hlutverk

- Vera forstjóra til álits um mikilvægar ákvarðanir sem varða heilbrigðisþjónustu og skipulag heilbrigðisstofnunarinnar.
- Hafa frumkvæði að og vera vettvangur faglegra umræðna um meðferð og þjónustu.
- Stuðla að því að meðferð og þjónusta grundvallist ætíð á gildandi lögum, siðareglum og gagnreyndri þekkingu í samræmi við stefnu og markmið Landspítala
- Veita umsagnir um lagasetningar og breytingar á sviði heilbrigðismála eftir því sem við á.
- Vera ráðgefandi vettvangur fyrir starfsfólk stofnunarinnar og taka til umfjöllunar og/eða umsagnar fagleg málefni.
- Eiga frumkvæði að og skipuleggja árlega þverfaglega fræðsluviðburði.

Skipulag

Fagráð fundar a.m.k. einu sinni í mánuði frá september og fram í maí. Yfir sumarið er fundað eftir þörfum.

Fagráð boðar til upplýsinga- og samráðsfunda í samráði við forstjóra, þó eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári.

Fundargerðir skulu skráðar og birtar á vef Landspítala.

Fundur er ályktunarfær ef viðstaddir eru fulltrúar frá öllum fagstéttum. Fulltrúa er heimilt að skila atkvæði sínu skriflega til formanns eða varaformanns utan hefðbundins fundar ef viðkomandi sér ekki fram á að geta mætt á fundinn.

¹ Hjúkrunarfræðingar tilnefna úr hópi hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra

² Rannsóknarstéttir; geislafræðingar, lífeindafræðingar, lyfjafræðingar, lyfjatæknar, náttúrufræðingar, næringarfræðingar

³ Þjálfunarstéttir; sjúkrapjálfar, iðjubjálfar, þroskapijálfar, talmeinafræðingar

⁴ Viðtalsstéttir; áfengis- og vímuefnaráðgjafar, félagsráðgjafar, sálfræðingar

30/04/2021

Starfsá

